

Brjef stjórnarráðsins til framkvæmdarstjórnar Íslandsbanka um endurveiting 85
 á sparisjóðshlunnindum. 28. sept.

Samkvæmt umsókn hinnar háttvirtu framkvæmdarstjórnar, dags. 27. f. m., vill stjórnarráðið hjermeð endurveita sparisjóðsdeildum Íslandsbanka til 15. júlí 1919 hlunnindi þau, sem ræðir um í tilskipun 5. janúar 1874, um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi, með þeim skilyrðum, að farið sje eftir reglugjörð fyrir sparisjóðsdeildirnar frá 14. júlí 1904, og að trygging sú, sem samkvæmt nefndri reglugjörð er fyrir því að sparisjóðsdeildirnar standi í skilum rýrni ekki.

Staðfesting konungs á gjafabrjefi hjónanna Helga Þórarinssonar og 86
 Höllu Einarsdóttur fyrir hálfri jörðinni Þykkvabæ í Landbroti o. fl. til handa 14. ág.
 Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af ráðherra Íslands 14. ágúst 1914.

Gjafabrjefið er þannig:

Gjafabrjef

hjónanna Helga Þórarinssonar og Höllu Einarsdóttur fyrir hálfri jörðinni Þykkvabæ í Landbroti o. fl. til handa Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu.

Við undirrituð hjón, jeg Helgi Þórarinsson og jeg Halla Einarsdóttir, gefum hjermeð frá fardögum 1914 Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu eignarjörð okkar $\frac{1}{2}$ Þykkvabæ í Landbroti, 12,25 hndr. að dýrleika eftir jarðabókinni 1861, með öllu því, er jörð þessari fylgir og fylgja ber, öll hús og mannvirki, sem á jörðinni eru, og alt, er henni fylgir, múr- og naglfast, ennfremur upp-